

12. maí 2014

**Fréttatilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.**

**Efni:** Sölustöðvun og innköllun af markaði á „Súkkulaðihúðuðum Expressó kaffibaunum“ þar sem ekki kemur fram að varan inniheldur soja-lesitín, sem er ofnæmis- og óþolsvaldur.

Kaffitár ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, ákveðið að innkalla af markaði vöruna „Súkkulaðihúðaðar Expressó kaffibaunir“, þar sem varan inniheldur súkkulaði sem aftur inniheldur lesitín unnið úr sojabaunum, sem er þekktur ofnæmisvaldur. Ekki kemur fram á umbúðum vörunnar að hún inniheldur lesitín úr sojabaunum.

**Vöruheiti:** „Súkkulaðihúðaðar Expressó kaffibaunir“.

**Nettóþyngd:** 100 g

**Sölu- og dreifingaraðili:** Kaffitár ehf., Stapabraut 7, 260 Reykjanesbæ

**Umbúðir:** Pappírsöskjur

**Dreifing:** Upplýsingar um dreifingu liggja ekki fyrir.

Lesitín unnið úr sojabaunum er á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla. Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki hafa ofnæmi fyrir soja afurðum. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru haldnir ofnæmi fyrir soja afurðum eru beðnir um að farga henni eða skila til fyrirtækisins Kaffitárs gegn bótum. Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Ásgeirsdóttir hjá Káffitár ehf. í síma 420 2703 eða tölvupóstfangi: [gudbjorg@kaffitar.is](mailto:gudbjorg@kaffitar.is)

